

# Starfsreglur

## Lög Foreldrafélags leikskólans Álfaheiði

- 1.gr. Félagið heitir Foreldrafélag leikskólans Álfaheiði er opið foreldrum og forráðamönnum barna í leikskólanum.
- 2.gr. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í leikskólanum.
- 3.gr. Leiðum til að má markmiðum sínum skal félagið móta á aðal- eða félagsfundi. Bókfæra skal allar ákvarðanir.
- 4.gr. Stjórn félagsins skal kosin ár hvert á aðalfundi, skal hún skipuð fimm foreldrum og einum starfsmanni frá leikskólanum. Ný stjórn skal skipuð að minnsta kosti 2 fulltrúum úr fráfarandi stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum.
- 5.gr. Árgjald er ákveðið á aðalfundi og greiðist í tvennu lagi. Systkini greiði 1/2 gjald.
- 6.gr. Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. september – 1. nóvember ár hvert. Boða skal til hans með a.m.k. 10 daga fyrirvara.
- 7.gr. Stjórn félagsins skal sjá um útgáfu a.m.k. 2ja fréttabréfa á hverju starfsári.
- 8.gr. Komi til slita á félaginu skulu eignir þess ganga óskiptar til leikfangakaupa fyrir leikskólann Álfaheiði.
9. gr. Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á aðalfundi og skal einfaldur meirihluti ráða úrslitum.